



# Málstefna RÚV

## 1. Skyldur RÚV við íslenskt mál

Ríkisútvarpið er ein mikilvægasta menningarstofnun landsins. Það hefur ríkar skyldur við íslenskt mál og því ber, samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013, að leggja rækt við íslenska tungu. Á því er hnykkt í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu (<https://www.ruv.is/sites/default/files/thjonustusamningur2016.pdf>) þar sem segir að kappkostað skuli að málfar sé til fyrirmyndar og allt innlent efni sem miðlað er sé á góðri íslensku.

## 2. Grundvöllur málstefnunnar

RÚV hefur fyrst og fremst málrækt að leiðarljósi í málstefnu sinni en málpólitík er þó samofin henni. Fylgt er skilgreiningu á málrækt í málfræðiorðasafni í Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Undir málrækt fellur öll meðvituð og skipuleg viðleitni til að laga tungumál að nýjum aðstæðum með því að mynda ný orð af innlendum stofni eða laga erlend orð að beygingum og hljóðkerfi þess. Málrækt getur líka náð til annarra tilrauna til þess að gera málið hæfara til að þjóna hlutverki sínu í samfélaginu.

[mali.is/leit/malraekt](https://mali.is/leit/malraekt)

Þessi skilgreining er ekki að öllu leyti í samræmi við fyrri skoðanir á því hvað málrækt felur í sér. Baldur Jónsson taldi að málrækt fæli í sér allt það sem kallað hefði verið málhreinsun, málvernd og málvöndun (Baldur Jónsson, 1989). Skilgreining Ara Páls Kristinssonar (2007) á málstefnu gerir greinarmun á málrækt og málpólitík.

## 3. RÚV styrkir stöðu íslensku í samfélaginu

Liður í því að uppfylla ákvæði laga um Ríkisútvarpið um að leggja rækt við íslenska tungu er að efla framleiðslu á innlendu dagskrárefni, jafnt leiknu, sem fræðslu- og fréttatengdu efni. RÚV leggur sérstaka alúð í framleiðslu á dagskrárefni á íslensku fyrir börn og ungmenni og miðlar innlendra dagskrá fyrir þau eftir þeim leiðum sem þau kjósa að nota.

RÚV leggur sig jafnframt fram um að styrkja stöðu íslensku með markvissri umfjöllun um íslenskt mál í miðlum sínum.

RÚV kappkostar að nýta máltækni eftir því sem kostur er til að miðla íslensku máli. Sem dæmi má nefna skjátexta með innlendu sjónvarpsefni í spilara á vef RÚV.

## 4. Hlutverk starfsfólks

Allt starfsfólk RÚV skal vanda mál sitt og vera til fyrirmyndar um málnotkun. Því ber að kynna sér málstefnu RÚV og haga störfum sínum í samræmi við hana. Það hefur aðgang að málfarsráðgjöf og yfirlestri handrita og annarra skjala, því ber að leita til málfarsráðgjafa þegar ástæða þykir til og jafnframt taka við ábendingum málfarsráðgjafa.

Vanda skal framsetningu á íslensku máli í öllu íslensku útvarps- og sjónvarpsefni, á vef og í hlaðvarpi, hvort heldur er í töluðu máli eða rituðu. Dagskrárgerðarfólk ber þó ekki ábyrgð á tungutaki viðmælenda sinna. Mikilvægt er að hafa í huga að málsnið getur verið með ýmsu móti og misjafnlega formlegt. Orðaval og talsmáti kann að taka mið af því. Starfsmenn skulu ætíð gæta velsæmis í orðavali og sýna mönnum og málefnum tilhlýðilega virðingu.



Sérstaklega skal vanda til verka í dagskrárefni fyrir börn og ungmenni, jafnt á vef sem í útvarpi og sjónvarpi, og skulu málfarsráðgjafar vera umsjónarmönnum þess innan handar með ráðgjöf og yfirlestur.

Starfsmenn skulu vanda mál sitt inn á við, til dæmis á ýmsum kynningarfundum fyrir starfsmenn eða starfsmannahópa, jafnt sem út á við, í útvarpi, sjónvarpi og á vef en líka sem fulltrúar Ríkisútvarpsins í samskiptum við aðra. Þá ber að hafa málið skýrt og þannig að ekki sé hætt á misskilningi.

## 5. Hlutverk málfarsráðunautar og málfarsráðgjafa

Hlutverk málfarsráðunautar og málfarsráðgjafa er að leiðbeina starfsfólki RÚV um málfar og framsögn, upplýsa það um helstu hjálpargögn svo sem orðabækur og handbækur um mál og málfar og skera úr um vafaatriði. Jafnframt að sjá um yfirlestur handrita, vef færslna og hvers kyns texta sem fyrir þá eru lagðir.

Málfarsráðunautur og málfarsráðgjafar upplýsa starfsfólk um málstefnu RÚV og fylgja henni eftir. Á grundvelli málstefnunnar setja þeir fram viðmið sem starfsfólk RÚV fer eftir um málsnið, orðaval, málnotkun og framsetningu á töluðu og rituðu máli.

Málfarsráðunautur kemur að ráðningum allra nýrra starfsmanna.

Málfarsráðunautur fer með aðgengismál í miðlum RÚV og fylgir í þeim efnum ákvæðum í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra.

## 6. Jafnrétti

Starfsfólk gætir jafnréttis í orðavali, meðal annars með því að huga að því hvaða orð er við hæfi að nota um tiltekna þjóðfélagshópa, nota rétt starfsheiti, og nota ekki orð sem gefa til kynna yfirburði eða undirgefni fólks í mismunandi þjóðfélagshópum.

Starfsfólk gætir tungu sinnar og notar ekki óviðurkvæmilegt eða ósiðsamlegt orðbragð sem getur misboðið hlustendum, áhorfendum og lesendum og talar ekki niðrandi um einstaklinga eða samfélagshópa.

Starfsfólk hefur í huga, sbr. 2. kafla Siðareglna RÚV, Háttsemi og framkoma (<https://www.ruv.is/sites/default/files/sidareglurruv1.pdf>), að mismuna hvorki né hvetja til fordóma með tungutaki sínu, til dæmis á grundvelli uppruna, kyns, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, fötlunar, þjóðernis eða trúarbragða.

## 7. Málsnið og málnotkun

### 7.1 Viðeigandi málsnið

Allir sem undirbúa og flytja dagskrárefni verða sífellt að hafa hlustendur eða áhorfendur í huga og leitast við að laga mál sitt að þeim. Málfarsráðunautur setur fram viðmið um viðeigandi málsnið í miðlum RÚV.

### 7.2 Vandað mál

Vandað mál er markvisst og felst í viðeigandi orðavali, réttum beygingum og eðlilegri orðskipan. Í framburði skal gætt að skýrri hljóðmótun, réttum áherslum og eðlilegu hljómfalli samfellds máls. Ritað mál á vefsíðu Ríkisútvarpsins, í textavarpum og skjátextum skal standast kröfur um réttirun og góðan frágang. Starfsmenn eiga að leggjast á eitt til að málfar sé til fyrirmyndar.

### 7.3 Flutningur og ábyrgð á texta

Flytjendum dagskrárefnis ber að vanda framburð sinn og flutning á alla lund. Þeir eiga að gæta þess eftir mætti að málfar fullnægi kröfum um vandað og viðeigandi mál. Málvillur skal leiðrétta en ekki má breyta málfari að öðru leyti án samráðs við ábyrgðarmann textans.

### 7.4 Aðsent efni og auglýsingar



Aðsent efni og auglýsingar skulu fullnægja eðlilegum kröfum um málfar. Auglýsingar skulu almennt vera á íslensku en heimilt er að erlendir söngtextar séu hluti auglýsingar. Ef sérstök ástæða er til að hafa erlent tal í auglýsingum skal fylgja þýðing.

### 7.5 Erlent tal

Erlendu tali í efni sem samið er til flutnings í Ríkisútvarpinu skal stilla í hóf. Þegar ekki verður hjá því komist, svo sem í fréttum, viðtölum við útlendinga og svo framvegis, ber jafnan að flytja eða sýna íslenska þýðingu samtímis nema bein ástæða sé til annars, svo sem í beinni útsendingu.

### 7.6 Talsetning

Sjónvarpsefni sem ætlað er börnum og ungmönnum skal flutt á íslensku eftir því sem kostur er.

### 7.6 Aðgengi

Allt fyrirfram unnið dagskrárefni Ríkisútvarpsins, íslenskt sem erlent, er sent út með texta. Texti með innlendu efni er birtur á síðu 888 í textavarp. Kvöldfréttir í sjónvarpi kl. 19 og íþróttir að þeim loknum eru sendar út með skjátexta á síðu 888. Innlendir þættir sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu eða sýndir eru í beinni útsendingu eru textaðir fyrir endursýningu. Allt erlent efni, jafnt fréttir sem fróðleikur og afþreying, er þýtt og sent út með íslenskum texta, nema í fáeinum tilvikum þegar erlent efni er sýnt í beinni útsendingu.

RÚV sendir daglega út fréttir á táknmáli og þær eru jafnframt aðgengilegar í efnisspilara á vef RÚV. Þegar flytja þarf fréttir af náttúruhamförum sem snerta alla landsmenn er kallaður til rittúlkur sem og þegar túlka þarf lengri viðtöl og annað efni í beinni útsendingu. Í aðdraganda kosninga er rittúlkur nýttur eftir föngum.

Táknmálstúlkun skal fylgja sjónvarpsumræðum í aðdraganda kosninga.

Vefpula fyrir blinda og sjónskerta skal vera aðgengileg á vef RÚV.

Aðgengismál skulu vera í samræmi við þjónustusamning (Samningur mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf.)

### 7.7 Erlend sérnöfn og erlend heiti

Sérnöfn úr erlendum málum ber að fara með í samræmi við góða íslenska málhefð. Ríki, lönd, borgir, héruð, höf, fljót, fjöll og annað slíkt skal nefna hefðbundnum íslenskum heitum ef þau eru til, svo sem Hjaltland en ekki Shetland, Kaupmannahöfn eða Höfn er hvorki Köbenhavn né Köben, Saxelfur en hvorki Elbe né Elba. Sé þessa ekki kostur ber að nota eftir því sem unnt er þau heiti sem íbúar viðkomandi landa tíðka sjálfir, svo sem Nuuk en ekki Godthåb, München en ekki Munich, Westfalen en ekki Westphalia. Sum íslensk heiti eru einkum bundin við fréttir og formlegt málsnið, svo sem Björgvin og Lundúnir. Samsvarandi erlend nöfn, Bergen og London, eru notuð í daglegu tali og eiga einnig rétt á sér, a.m.k. við óformlegar aðstæður.

Með nöfn útlendinga skal fara að hætti viðkomandi þjóðar eftir því sem unnt er. Sé íslensk hefð fyrir öðru, eins og til dæmis er um mörg heiti erlendra þjóðhöfðingja sem erfa ríki og heiti páfa. Heiti stofnana, hljómsveita, listaverka og þess háttar er rétt að íslenska þegar fært þykir, og gæta þá samræmis eftir því sem unnt er.

Málfarsráðunautur setur viðmið um meðferð erlendra heita í miðlum RÚV.

## Heimildir

Ari Páll Kristinsson. 2007. Málræktarfræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði* bls. 99-124.

Baldur Jónsson. 1989. Málræktarspjall. *Málfregnir* 3. árg. 2. tbl. Reykjavík, Íslensk málnefnd.

*Málfræðiorðasafn*, íslenska, enska. 2000. Íðorðabanki Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 24. nóvember 2017 á málið.is/leit/málrækt.



*Samningur mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2016*  
2019. Sótt 30. nóvember 2017 á <https://www.ruv.is/sites/default/files/thjonustusamningur2016.pdf>

*Siðareglur Ríkisútvarpsins. Án árs.* Sótt 30. nóvember 2017 á:  
<https://www.ruv.is/sites/default/files/sidareglurruv1.pdf>